



Skógarvörðurinn á Norðurlandi Starfsskýrsla fyrir árið 2011



Úr Ásbyrgi

Sigurður Skúlason

1. VEÐURFAR ÁRSINS

1.1. Tíðarfarsyfirlit

Í janúar bar mest á suðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 9.8 stig, 22. janúar. Lágmarkshiti mældist -14,1 stig, 9. janúar. Meðalhiti í janúar var -1,0 stig. Mesta snjódýpt var 95 cm, 11. janúar. Úrkoma var 139,8 mm, mest 38,2 mm 7. janúar. Meðalvindhraði var 5,3 m/sek. Snjóflóð féllu við Veisusel í Fnjóskadal og í Ljósavatnsskarði 10. janúar.

Í febrúar voru suðaustlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 7.3 stig, 28. febrúar. Lágmarkshiti mældist -11,5 stig, 5. febrúar. Meðalhiti í febrúar var -1,6 stig. Mesta snjódýpt var 23 cm, 22. og 23. febrúar. Úrkoma var 57,7 mm, mest 17,3 mm, 23. febrúar. Meðalvindhraði var 3,5 m/sek. 3 álfir sáust 22. febrúar.

Í mars voru sunnan og suðaustan áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 8.7 stig, 31. mars. Lágmarkshiti var -16,6 stig, 10. mars. Meðalhiti var -2,2 stig. Mesta snjódýpt var 35 cm, 12 mars. Úrkoma í mars var 73,4 mm, mest 20,5 mm, 2. mars. Meðalvindhraði var 4.2 m/sek.

Í apríl voru sunnan og suðaustlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 14.5 stig, 9. apríl. Lágmarkshiti var -6.6 stig, 4. apríl. Meðalhiti var 4,2 stig. Mesta snjódýpt var 21 cm, 1. apríl. Úrkoma var 8.6 mm, mest 2.8 mm, 21. apríl. Meðalvindhraði var 4.7 m/sek. Skógarprestir sáust 2. apríl, gæsir 12. apríl, hrossagaukur, maríuerla og lóa 22. apríl. Tún í Fnjóskadal voru að farin að gróa 30. apríl.

Í maí bar mest á norðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 16,9 stig, 2. maí. Lágmarkshiti var -4,1 stig, 25. maí. Meðalhiti var 4.1 stig. Mesta snjódýpt var 9 cm, 21. maí. Úrkoma var 78,7 mm, mest 17,6 mm, 20. maí. Meðalvindhraði 2.7 m/sek. Tún farin að grænka 15. maí. Öskufall frá Grímsvötnum 22. og 23. maí.

Í júní voru norðaustan og norðvestan áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 15,4 stig, 11. júní. Lágmarkshiti var -3,9 stig, 7. júní. Meðalhiti var 5.8 stig. Snjór mældist 1 dag í júní, 1 cm, 9. júní. Úthagi algrænn 22. júní.

Í júlí voru breytilegar áttir, þó mest bæri á hægviðri. Hámarkshiti mældist 22.3 stig, 27. júlí, sem var mesti hiti sem mældist á árinu. Lágmarkshiti var -0,6 stig, 10. júlí. Meðalhiti í júlí var 11.1 stig. Úrkoma var 10,0 mm, mest 3.4 mm, 25. júlí. Meðalvindhraði var 2.1 m/sek. Sláttur hófst í Fnjóskadal 10. júlí.

Í ágúst bar mest á hægviðri og norðaustan áttum. Hámarkshiti mældist 17,9 stig, 11. og 30. ágúst. Lágmarkshiti var -0,1 stig, 10 ágúst. Meðalhiti var 8.7 stig. Úrkoma var 34.2 mm, mest 11.6 mm, 15. ágúst. Meðalvindhraði var 1.9 m/sek.

Í september voru hægviðri, norð- og austlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 17.7 stig, 1. september. Lágmarkshiti var -4.4 stig, 10. september. Meðalhiti í september var 6.1 stig. Úrkoma var 78.9 mm, mest 15.0 mm, 8. september. Meðalvindhraði var 2.5 m/sek. Úthagi farinn að sölna 16. september.

Í október bar mest á norðaustan áttum og hægviðri. Hámarkshiti mældist 12,8 stig, 13. október. Lágmarkshiti var -6,7 stig, 19. október. Meðalhiti var 1,9 stig. Úrkoma

var 132,2 mm, mest 20,8 mm, 8. október. Snjór mældist á jörðu í 21 dag, mest 8 cm, 26. október. Meðalvindhraði í október var 3,6 m/sek.


Í nóvember voru breytilegar áttir, þó bar mest á suðvestanátt og hægviðri. Hámarkshiti mældist 11,2 stig, 8. nóvember. Lágmarkshiti var -14,0 stig, 30. nóvember. Meðalhiti var 1,1 stig. Mesta snjódýpt var 41 cm, 30. nóvember. Úrkoma var 115,6 mm, mest 22,1 mm, 29. nóvember. Meðalvindhraði var 2,3 m/sek.


Í desember voru breytilegar áttir, suðlæggar og hægviðri. Hámarkshiti mældist 4.8 stig, 22. desember. Lágmarkshiti var -18,6 stig, 6. desember, sem var lægsti hiti sem mældist á árinu. Meðalhiti í desember var -5,6 stig. Mesta snjódýpt var 64 cm, 16. desember. Úrkoma var 76.4 mm, mest 12.4 mm, 12. desember. Meðalvindhraði var 2.4 m/sek. Jarðskjálfti fannst 2. desember, sem átti líklega upptök í Háafelli.

1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 2011

	Meðalhiti C°		Úrkoma mm	
Janúar	-1,0	(-1,3)	139,8	(9,6)
Febrúar	-1,6	(-4,6)	57,7	(115,2)
Mars	-2,2	(-0,5)	73,4	(61,1)
Apríl	4,2	(-0,1)	8,6	(60,9)
Maí	4,1	(5,5)	78,7	(25,2)
Júní	5,8	(10,9)	28	(3,9)
Júlí	11,1	(10,6)	10	(87,7)
Ágúst	8,7	(10,1)	34,2	(69,6)
September	6,1	(7,5)	78,9	(38,0)
Október	1,9	(2,7)	132,2	(77,3)
Nóvember	1,1	(-3,0)	115,6	(121,2)
Desember	-5,6	(-3,1)	76,4	(75,1)
	2,72	2,9	833,5	744,8

Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 2010





1.2. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní til september var 7,92 stig en var 9,78 stig sömu mánuði 2010.

1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sep

12.maí	-1,1	25.maí	-4,8	21.jún	-0,3
13.maí	-2,3	26.maí	-4,2	22.jún	-0,2
15.maí	-0,2	30.maí	-0,3	10.júl	-2,0
16.maí	-2,6	31.maí	-3,2	10.ágú	-0,7
17.maí	-0,4	3.jún	-1,0	10.sep	-4,7
20.maí	-1,3	6.jún	-2,9	11.sep	-2,1
21.maí	-3,3	7.jún	-5,2	13.sep	-0,6
22.maí	-1,1	8.jún	-1,8	14.sep	-3,8
23.maí	-1,4	9.jún	-0,3	15.sep	-2,2
24.maí	-1,3	11.jún	-1,1	20.sep	-0,2

1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20. stig

2.júl	21,8
23.júl	20,3
27.júl	22,3



Vor í Vaglaskógi

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

2.1. Laufgun og lauffall

Lerki farið að grænka 24. apríl, komið með grænan lit 5. maí og allgrænt 15. maí.

Birki farið að springa út 31. maí og algrænt 12. júní.

Sölnun á birki byrjuð 21. ágúst. Áberandi sölnun á birki 2. september og mikið lauffall 24. september.

2.2. Vöxtur

Vöxtur var í slöku meðallagi á trjágróðri nema lerki, sem var lélegur.

2.3. Fræfall

Fræfall var ekki mikið þetta árið og engu fræi safnað úr skógi

Úr skógi:

Engu fræi safnað úr skógi.

Úr fræhúsi:

Birki	Betula pubescens	Vaglafræhús	1330 gr
Evrópu x rússalerki "Hrymur"	Larix decidua x sukaczewii	Vaglafræhús	1626 gr
Evrópu x rússalerki "Hrymur"	Larix decidua x sukaczewii	Vaglafræhús hálfhreinsað	628 gr
Japanslerki x rússalerki	Larix kaempferi x sukaczewii	Vaglafræhús	140 gr
Rússa x evrópulerki "Hrymur"	Larix sukaczewii x decidua	Vaglafræhús	250 gr
Mýrarlerki	Larix laricina	Vaglafræhús	240 gr

2.4. Skaðar

Töluverðir skaðar urðu á lerkí í vorhreti og var lélegur vöxtur á því þetta ár.

3. STARFSFÓLK

Starfsfólk þetta ár var: Guðni Þ. Arnþórsson, aðstoðarskógarvörður og verkstjóri. Margrét Guðmundsdóttir sá um skrifstofu, áætlanagerð, fræumsjón og gjaldkeri stofnunarinnar. Guðrún Jónsdóttir vann við viðarvinnslu, frærækt, veðurtöku og afgreiðslu á plöntum fyrir Norðurlandsskóga. Teitur Davíðsson, Kristján Tryggvason og Valgeir Davíðsson, frá 1. mars, unnu við skógarhögg, viðarvinnslu ofl. Sumarstarfsfólk voru Einar Hermannsson í 6 mánuði, Gunnlaugur Darri Garðarsson, Guðmundur Óli Gunnarsson, Margrét Eva Ásgeirsdóttir og Gunnhildur Arnþórsdóttir að hluta. Starfsfólk var fleira þetta ár vegna yfirtöku SR á tjaldsvæðinu í Vaglaskógi. Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 37,179,556, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 9,703,674, ASÍ laun kr. 25,938,683, dagpeningar kr. 895,749, akstur kr. 641,450.

4. GIRÐINGAR

4.1. Viðhald

Viðhald girðinga var heldur meira en síðustu ár. Skipta þurfti um fleiri staura og einangra í rafgirðingum.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 879,144, sem skiptust þannig: Laun og launatengd gjöld kr. 572,480, alls 277 vinnustundir. Verktakar kr. 292,959.

Kostnaður við smölun var kr. 22,242, alls 14 vinnustundir. Verktakar kr. 142,800.

4.2. Nýgirðingar

Engar nýgirðingar voru girtar á árinu.

5. SKÓGARHÖGG

5.1. Viður

Unnið var við grisjun og skógarhögg í Vaglaskógi, Sigríðarstaðaskógi, Þórðarstaðaskógi, Grundarreit og lítílsháttar í Kristnesskógi.

Í **Vaglaskógi** var grisjað lerki í reitum 251 og 252 og birkiskermur tekinn í reit 111 að hluta, alls ca 1,9 ha.

Í **Sigríðarstaðaskógi** var tekið birki úr reitum 5, 9, 10, 16, 17, 19, 34, 35 og 39 að hluta, með slóðum eða öllum reitnum, alls ca 1,95 ha.

Í **Þórðarstaðaskógi** var birki tekið úr reitum 87, 88 og 89 og lítílsháttar af greni, alls ca 2,0 ha.

Í **Grundarreit** var grisjað lerki austast í reitnum og lítílsháttar af lindifuru og rauðgreni alls ca 0,25 ha.

Í **Kristnesskógi** var aðeins grisjað af lerki.

Felldur viður:

Birki	ca	117 m ³
Lerki	ca	76 m ³
Greni	ca	8 m ³
Fura	ca	4 m ³

5.1.1. Sala girðingarstaura

Seldir voru 200 lerki girðingarstaurar og 454 lerki vegstikur.



Viðarflutningar úr Vaglaskógi

5.1.2. Viðarsala

Arinviður stórir birki ca 20 kg	4374	pk
Arinviður stórir barr ca 20 kg	22	pk
Arinviður litlir birki ca 10 kg	20	pk
Arinv/eldiviður sag klofinn birki	1	m3
Arinv/eldiviður sag klofinn barrviður	2	m3
Eldiviður afsag	1	m3
Arinviður/eldiviður alls í tonnum (þurrt) ca	89,56	tonn
Bolviður birki	0,44	m3
Bolviður lerki	0,06	m3
Bolviður fura	10	m3
Bolviður reyniviður	0,06	m3
Bolviður greni	184	m3
Borð og plankar birki	0,05	m3
Borð og plankar lerki	0,05	m3
Borð og plankar fura	0,01	m3
Reykingaviður	1110	kg
Birkikurl/flís	2525	kg
Plattar	740	stk
Beðkurl .	52	m3

5.1.3. Birgðir í árslok

Óköntuð borð birki	67 m	Arinviður stórir barr	820 pk
Óköntuð borð fura	342 m	Arinviður stórir birki	604 pk
Köntuð borð lerki	150 m	Plattar heflaðir	5080 stk
Smíðaviður birki	227 m	Birkikurl/flís	460 kg
Staurar 6 fet	723 stk	Birki sagað í grindum	9 m ³
Staurar 5 fet	158 stk		

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 6,719 og laun og launatengd gjöld kr. 13,724,488, þar af kjarasamningargjöld s.s. orlof, veikindi og aðrar sammingsbundnar kjarabætur kr. 2,588,052, alls 1,138 vinnustundir. Annar kostnaður við grisjun og viðarvinnslu var kr. 2,198,824, þar af ný arinviðarsög.

5.2. Jólatré

Byrjað var að fella jólatré 24. október, stafafuru í Skuggabjargarskógi og síðan rauðgreni í Þórðarstaðaskógi og Vaglaskógi og stafafuru á Vöglum á Þelamörk. Að mestu var lokið við að fella jólatré 28. október, sem kom sér vel vegna mikilla snjóá í desember.

Felld tré

	Rauðgr	Stafafura	Blágreni	Fjallap.	Samtals
Fellsskógur				1	1
Skuggabjörg		47			47
Vaglaskógur	19		3	6	28
Vagfir Þelamörk		32			32
Þórðarstaðaskógur	145				145
Alls	164	79	3	7	253

Seld tré

Stærð	Rauðgr	Stafafura	Blágreni	Fjallap.	Samtals
Jólatré í pottum	10				10
070-100	8				8
101-125	38	7			45
126-150	52	20		1	73
151-175	33	23			56
176-200	4	14			18
201-250	10				10
251-300					0
301-400	1			1	2
401-500	2				2
501-600					0
Alls	158	64	0	2	224

Laun og launatengd gjöld v/töku og afhendingar jólatrjáa og greina var kr. 718,067, alls 353 vinnustundir, þar af kr. 128,821, alls 70 vinnustundir í kjarasamninga.

Tekjur skiptust þannig:

	Sala	Aðkeypt	Mismunur
Jólatré	720.041		720.041
Greinar	33.670		33.670
Samtals	753.711		753.711

6. GRÓÐRARSTÖÐ

6.1. Fræplöntur

Engu var sáð 2011.

6.2. Dreifsetning

Engum græðlingum var stungið 2011.

6.3. Garðplöntur

Engar garðplöntur voru seldar 2011.

6.4. Afhending skógplantna

Afhentar voru 23,000 sáðplöntur af selju fyrir kr. 230,000.

6.5. Illgresiseyðing

Illgresiseyðing var svipuð og síðustu ár. Sprautað var með roundup í runnasafni, trjásafni, umhverfi starfsstöðvar og gönguleiðum.

6.6. Nýframkvæmdir

Engar nýframkvæmdir voru í gróðrarstöð þetta ár.

6.8. Kostnaður

	Kr.	Tímar
Lagnir	31800	17
Orlof	22352	12
Ræktunarbúnaður	10166	5
Sláttur	105807	54,2
Umhirða	64845	34,1
Vetrarumbúnaður	13910	6
Vökvun	4907	3
	253787	131,3

7. GRÓÐURSETNING

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda

	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr	Fjöldi	Reitur
Pórðarstaðaskógur og Belgsá	Birki		rautt		42	208
	Selja		Vaglafræhús	FP35	280	228
	Sifjalerki		Vaglafræhús	pottar	12	226
					334	

8. HIRÐING Í SKÓGLENDUM

Umhirða gönguleiða	Grundarreitur	62.601	28
"	Vaglaskógur	65.052	36
"	Kristnes	158.191	72
Kjarrsögur	Sigríðarstaðaskógur	93.337	44
"	Vaglaskógur	42.903	23

9. BYGGINGAR

Vaglinn 2: Haldið var áfram með lagfæringar á þaki. Sett var nýtt járn á þak, lagfærðir þakkantar og settar nýjar þakrennur. Skorsteinn var lagfærður og klæddur með blikki. Efnið var að mestu leyti keypt á síðasta ári, 2010.

Skemma: Lagfært var gólf og það málað.

Furuvellir starfsmannahús: Hitaveita var tengd við neysluvatnsnotkun.

Vinnusvæði: Komið var fyrir rafmagnstenglum á vinnusvæði fyrir ljós og tengli fyrir arinviðarsög.

10. VÉLAR OG VERKFÆRI

Keypt var kerra til flutnings á sexhjóli og sláttutraktor. Keypt var ný arinviðarsög sem tengd er rafmagni. Annað var venjulegt viðhald á vélum og bifreiðum.



Ný arinviðarsög

12. ÝMISLEGT

12.1. Fundir og ferðalög

- 17/1-18/1 Fór á fund á Egilsstöðum um fjárhagsáætlun.
- 25/1 Stjórnarfundur NLS á Akureyri.
- 8/2 Fundur á Mógilsá vegna undirbúnings fyrir ráðstefnu 28. apríl.
- 15/2 Fundur á Egilsstöðum með framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs vegna sammings um Ásbyrgi.
- 16/2 Fór á fund á Húsavík með skipulagsstjóra Norður Þing vegna lóða í Ásbyrgi.
- 17/2 Fundur á Vöglum um áætlun í Ásbyrgi með Þresti Eysteinessyni, Rúnari Ísleifssyni og Hallgrími Indriðasyni.
- 23/3-25/3 Fagráðstefna að Reykjum við Ísafjarðardjúp.
- 28/3 Stjórnarfundur NLS á Akureyri.
- 5/4 Fór í Grundarreit vegna grisjunar þar.
- 28/4 Ráðstefna á Hótel Sögu um viðarnýtingu.
- 13/5 Fór á fund á Egilsstöðum um fjárhagsáætlun.
- 9/6 Fór vestur að Gilá í Vatnsdal með girðingastaura og í Reykjarhól vegna viðhalds gönguleiða.
- 21/6 Fór í Kristnesskóg vegna viðhalds á gönguleiðum.
- 29/6 Fór í Ásbyrgi vegna áætlunar með Rúnari Ísleifssyni og þjóðgarðsverði og Kristjáni Tryggvasyni vegna lítsháttar grisjunar.
- 13/8 Fór í Skorradal vegna vígslu á Pakkhúsi í Vatnshorni.
- 23/8 Fundur á Egilsstöðum með yfirstjórn SR, ráðunautum og skógarvörðum.

29/8	Fundur á Akureyri með vegagerðarmönnum um nýja aðkomuleið að Vöglum á Þelamörk.
12/9	Fór á Húsavík vegna þinglýsingar á jörðum hjá sýslumanni og skipulagsstjóra vegna lóða í Ásbyrgi.
19/9	Fór á Sauðárkrók við útför Stefáns Guðmundssonar.
2/10-7/10	Kynnisferð til Hörðalands í V-Noregi.
2/12	Fundur á Húsavík með Þresti Eysteinsyni, Rúnari Ísleifssyni og Hjörleifi Finnssyni þjóðgarðsverði um endanlega áætlun um Ásbyrgi.
21/12	Fór á fund á Veðurstofu Íslands vegna sammings um breyttar veðurathuganir á Vöglum.

12.2. Ferðafólk

Fjöldi ferðamanna var lítil þetta ár. Óhagstætt veður og hækkun á eldsneytisverði er líklega skýringin. Skógræktin tók sjálf við rekstri á tjaldsvæðum og hjólhýsasvæði. Farið var í að endurskipuleggja viðbót á föstum stæðum fyrir hjólhýsi á Flatagerði því eftirspurnin er mikil. Haldið var áfram við lagfæringu á tjaldsvæðinu í Stórarjórðri. Þar var keypt inn rafmagnstenging og einnig keypt nýtt líðið snyrtihús.

Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 7,329 sem skiptust þannig: Í júní 966 . Í júlí 4,860 . Í ágúst 1,503 .

Tekjur af útivistarsvæði voru kr. 5,857,832.

Laun og launatengd gjöld voru kr. 5,024,738 ,alls 2293 vinnustundir.

Annar kostnaður var kr. 4,939,053 s.s. tengigjöld, vinna við tengistaúra, rafmagnsinntak, WC gámur ofl.

12.4. Annað

Rúnar Ísleifsson lauk við umhirðu- og nýtingaráætlun fyrir Ásbyrgi í lok ársins, var hún unnin í samráði við þjóðgarðsvörð þar.

Fjögurra skóga hlaup var haldið 23. júlí í fyrsta sinn. Hlaupið var um Reykjaskóg, Þórðarstaðaskóg, Lundsskóg og Vaglaskóg og lauk á íþróttavelli Bjarma.

Björgunarsveitin Þingey sá um framkvæmdina.

Sjálfbodaliðar á vegum Skógræktarfélag S-Þingeyinga komu 3/8 – 11/8 og héldu til á Furuvöllum. Þeir unnu við grisjun, tvítoppklippingu, lagfæringu á slóðum og gönguleiðum á Hálsmelum og Fosselskógi.

Nemar í skógfræði við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri komu í heimsókn ásamt Bjarna Diðrik og kynntu sér starfseminu á Vöglum.

Ljóðaganga var haldin í Grundarreit 24. september.
Námskeið í húsgagnasmíði var haldin á Vöglum 4. nóvember á vegum
Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Leiðbeinendur voru Ólafur Oddsson og Ólafur
Sæmundssen.
Nýr bæklingur var gefinn út um Vaglaskóg, sá fyrsti af samræmdum bæklingum um
Þjóðskógana.

Ég vil að lokum þakka samstarfsfólki mínu gott samstarf á árinu.

Vöglum apríl 2012
Sigurður Skúlason, skógarvörður